

54. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 20. janúar 2017 kl. 11:00 á skrifstofum SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Róbert Ragnarsson, Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Sigrún Árnadóttir, Berglind Kristinsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Ásgeir Eiríksson, Kjartan Eiríksson, Grétar Guðlaugsson, Sigrún Elefsen, Þuríður Aradóttir, Eggert Sólberg Jónsson og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Undirritun fundargerðar
2. Sóknaráætlun Suðurnesja – ímyndarverkefni 2017 – kynning H:N.
3. DMP verkefnið – ÁB. PHAB.
4. Staðfesting stjórnar á breytingu á lögheimili Markaðsstofu Reykjaness
5. Almenningsamgöngur – samþætting atvinnulífs og almennur akstur.
6. Umhverfisstjórnun sveitarfélaga.
7. Verkefnastaða hjá SAR – Áb. GP.
8. Atvinnuleysistöður.
9. Innanlandsflug til Keflavíkurflugvallar – Ályktun stjórnar.

1. Mál Undirritun fundargerðar frá síðasta fundi

Fundargerðin lögð fram til undirritunar.

2. Mál Sóknaráætlun Suðurnesja – ímyndarverkefni 2017

Sváfnir og Kristján kynna niðurstöður könnunar vegna verkefnisins ímynd Reykjaness 2017. Þeir mun taka saman tillögur að verkefnum ársins 2017 og senda framkvæmdastjóra.

3. Mál DMP verkefnið

Þuríður kynnti drög að DMP verkefninu á Suðurnesjum. Auglýst hefur verið eftir starfsmanni til eins árs til að vinna þessi verkefni. Ferðamálastofa greiðir laun þessa starfsmanns að fullu. Umsóknarfresti lauk í gær 19.01., alls sóttu 49 manns um starfið. Stjórn Heklunnar samþykkir að taka að sér að hlutverk svæðisráðs.

4. Staðfesting stjórnar á breytingu á lögheimili Markaðsstofu Reykjaness

Stjórn Markaðsstofu Reykjaness staðfestir breytingar á lögheimili Markaðsstofu Reykjaness. Lögheimili flyst frá Grænásbraut 506 á Skógarbraut 945.

5. Mál Almenningsamgöngur – samþætting atvinnulífs og almennur akstur

Framkvæmdastjóri endursendi atvinnurekendum í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar minnisblað sem tekið var saman í apríl 2016. Unnin var samanburðargreining á starfsmannaakstri og gerð greining á notkun. Minnisblaðið var upphaflega sent atvinnurekendum í fyrra en ósk um samstarf var ítrekuð aftur.

6. Mál Umhverfivottun sveitarfélaga


Formaður stjórnar sagði frá umræðu um umhverfivottun. Stjórnin ræddi um hvaða tegundir vottunar væri í boði. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir því að Stefán Gíslason kæmi á næsta stjórnar og kynnti verkefni Earth check vottun.

7. Mál Verkefnastaða SAR

Fulltrúi SAR, Grétar Gunnlaugsson sagði frá helstu verkefnum SAR.

8. Mál Atvinnuleysistölvur

Atvinnuleysistölvur - Suðurnes 22.12.2016				
	nóv.16	des.2016.	kvk.	kk.
Heildarfjöldi:	310	332	176	156
m/lögh.annars starðar.	7	8	3	5
þar af í hlutastarfi:	15	16	14	2
Án bótaréttar/Stígur	7	8	3	5
Reykjanesbær	227	239	124	115
Sandgerði	25	27	14	13
Garður	13	17	12	5
Vogar	16	18	8	10
Grindavík	22	23	15	8



9. Innanlandsflug til Keflavíkurflugvallar – ályktun stjórnar.

Ályktun stjórnar Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja – Heklunnar.

Í ljósi umræðu í fjölmiðlum undanfarinna daga ítrekar stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja Heklan, eftirfarandi ályktun aðalfundar SSS;

„Aðalfundur S.S.S. gerir athugasemd við þá aðferð sem notuð var þegar skoðaðir voru kostir fyrir staðsetningu innanlandsflugs. Sameiginlegur stýrihópur ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group mat millilandaflugvöll á Miðnesheiði, Keflavíkurflugvöll ekki sem einn þeirra valkosta sem kæmu til greina.

Nauðsynlegt er að skoða það hvort millilandaflugvöllur á Miðnesheiði, Keflavíkurflugvöllur getið þjónað innanlandsflugi að öllu eða einhverju leiti. Mikilvægt er að meta alla möguleika sem og hagkvæmi áður en ákvörðun er tekin um það hvort flytja eigi innanlandsflug frá þeim stað sem það er í dag.

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja – Heklan vann skýrslu árið 2014 en í henni kemur fram að ekki þurfi að ráðast í miklar framkvæmdir á flugvöllinum sjálfum til að taka við innanlandsflugi. Jafnframt kom fram í viðtalið við Flugfélag Íslands í sömu skýrslu að hægt væri að skapa fín skilyrði út frá flugrekstrarlegu sjónarhorni. Hægt væri að byggja minni flugstöð fyrir innanlandsflug sem væri í tengslum við millilandaflug.

Niðurstöður skýrslunnar er að finna hér

http://sss.is/sites/default/files/innanlandsflug_um_keflavikurflugvoll-lokaskyrsla_3.pdf

10. Önnur mál.

Farið var yfir tilnefningar til hvatninga- og nýsköpunarverðlauna og þakkarviðurkenningu Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes Geopark. Stjórnin samþykkir tillöguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið 13:00.